

Fréttatilkynning

Hjartavernd nýtur góðs af áheimum í Reykjavíkumaraþoni Glitnis:

Tók í notkun nýjan og fullkominn hjartarita

Reykjavík, 8. janúar 2007

Hjartavernd hefur tekið í notkun nýjan og fullkominn hjartarita sem keyptur var fyrir áheitafé sem söfnuðust í Reykjavíkumaraþoni Glitnis í ágúst síðastliðnum. Vilmundur Guðnason forstöðulæknir kynnti hjartaritann í húsnæði Hjartaverndar í dag en viðstaddir voru starfsmenn Glitnis sem hlupu Reykjavíkumaraþon og hétu á Hjartavernd.

Um 800 þúsund krónur komu í hlut Hjartaverndar þegar áheit voru gerð upp eftir Reykjavíkumaraþon Glitnis en um tugur starfsmanna bankans sem tók þátt í hlaupinu hét á samtökin. Hjartaritinn, sem er frá General Electric, var keyptur af A Kalsson

Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar, segir hjartaritann *koma að mjög góðum notum við greiningu og rannsóknir, en hjartalínurit er ein einfaldasta leiðin til að greina vísbendingar um kransæðasjúkdóm og hjartsláttartruflanir*. Með stafrænu hjartalínuriti opnast nýir möguleikar til nákvæmari greiningar á hjartalínuritum en fyrr hefur verið unnt. Það bætir því við enn einni viddinni í faraldsfræðirannsóknum á hjarta og æðasjúkdómum og gerir Hjartavernd kleift að kanna frekar mögulegt forspárgildi hjartalínurita fyrir þróun kransæðasjúkdóms. Hjartavernd þakkar fyrir einstakan hlýhug og vinsemd og þakkar þennan mikilvæga stuðning.

Alls tóku 502 starfsmenn Glitnis þátt í Reykjavíkumaraþoninu og hét bankinn á þá með því að greiða 3.000 kr. til góðgerðarmála fyrir hvern hlaupinn kílómetra. Starfsmennirnir ákváðu sjálfir vegalengdina og hvaða góðgerðarsamtök skyldu njóta framlagsins. Alls var hlaupið í þágu 55 samtaka og námu áheit bankans alls 13,6 milljónum króna. Að viðbættum áheitum frá almenningi, vinum og vandamönnum nam heildarupphæð söfnunarfjárins 22,2 milljónum króna.

„Okkur hjá Glitni er það sérstakt ánægjuefni að styðja starfsmennina í því að láta gott af sér leiða,“ sagði Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, þegar áheitin voru gerð upp en hann hljóp sjálfur heilt maraþon í ár og í fyrra.

Hjartavernd er sjálfseignarstofnun sem rekin er án hagnaðarvonar. Rannsóknarstöð Hjartaverndar, sem fagnar 40 ára afmæli á þessu ári, hefur staðið að viðtækri faraldsfræðilegri rannsókn, Hóprannsókn Hjartaverndar, síðastliðin 40 ár þar sem áhersla er lögð á að finna helstu áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma hér á landi. Hefur rannsóknin náð til rúmlega 30 þúsund Íslendinga. Um 50 manns starfa hjá Hjartavernd.

Nánari upplýsingar veita:

Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar, í síma 535 1800.

Bylgja Valtýsdóttir, upplýsingafulltrúi Hjartaverndar, í síma 898 9632.

Pétur Þ. Óskarsson, forstöðumaður kynningarmála Glitnis, í síma 844 4990.